

## 5. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar skal leggja til grundvallar kostnað sjúkratryggðs skv. 2. gr., eða fjölskyldu, að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði uppbót sem elli- eða örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja og/eða þjálfunar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

## 6. gr.

Umsóknum um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar - 31. mars, 1. apríl - 30. júní, 1. júlí - 30. september og 1. október - 31. desember ár hvert.

## 7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. september 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 231/1993 með áorðnum breytingum. Þó skulu viðmiðunarmörk skv. reglum nr. 231/1993 gilda til 30. september 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 59/1996 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.**

## 1. gr.

2. ml. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að greiða lífeyrisþega sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar og frekari uppbótar skv. 2. og 3. tl. 8. gr. allt að 50% uppbót.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi 1. september 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*